

**Nd.**

**193. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaða.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á Eyrum við Seyðisfjörð (Hánefsstaðaeyrum og Þórarinsstaðaeyrum) og í Gunnólfsvík við Finnaþfjörð, hvorttveggja í Norður-Múlasýslu, skulu vera löggiltir verzlunarstaðir.

2. gr.

Takmörk verzlunarlóðarinnar á Hánefsstaðaeyrum skulu vera Sörla-  
staðaá að vestan og Gullsteinseyri að austan, 300 metrar á land upp frá  
flóðmáli.

3. gr.

Löggilding verzlunarstaðarins í Gunnólfsvík kemur til framkvæmda þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.